



Umhverfismat breytingar á aðalskipulagi í landi Dalshöfða í Skaftárhreppi

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
1.1	KYNNING OG SAMRÁÐ.....	4
2	STAÐA SKIPULAGS OG STAÐHÆTTIR	5
2.1	NÚVERANDI LANDNOTKUN OG FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR	5
2.2	STAÐHÆTTIR Á SKIPULAGSSVÆÐI.....	5
2.3	TENGL OG SAMRÆMI VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ	6
3	UMHVERFISMAT	9
3.1	ÁHRIFA- OG UMHVERFISÞÆTTIR	9
3.2	UMHVERFISVIÐMIÐ, EINKENNI OG VÆGI ÁHRIFA	10
3.3	UMFJÖLLUN UM KOSTI	11
3.4	UMHVERFISÁHRIF OG MÓTVÆGISAÐGERÐIR.....	13
3.5	MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR	15
3.6	VÖKTUN	15

SAMANTEKT

Fyrirhuguð skipulagsbreyting samræmist að mestu helstu markmiðum sveitarfélagsins en þó stangast lagning vegslóðar á við markmið um að stuðla að sjálfbærri þróun í umhverfis- og atvinnumálum með tilliti til beinna áhrifa á jarðmyndanir.

Lagning slóðar stangast á við Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 37. gr. náttúruverndarlaga.

Bornir voru saman tveir kostir hvað varðar legu slóðar að skipulagssvæði. Umhverfisáhrif voru að mestu sambærileg en eignarhald á landi ræður vali fyrirhugaðrar slóðar.

Þeir umhverfisþættir sem aðalskipulagsbreytingarnar voru taldar geta haft áhrif á voru eftirfarandi: Náttúrufar (jarðfræði, vatnafar, gróður), fornleifar, landslag og sjónræn áhrif, náttúruvernd, Samfélag (atvinnulíf, útivist og tómstundir).

Bein neikvæð áhrif verða á jarðfræði þar sem Skaftáreldahraun mun skerðast vegna vegslóðar. Áhrif á vatnafar eru talin óveruleg en áhrif á gróður neikvæð þar sem gróður mun skerðast vegna mannvirkja. Gróðurathugun mun verða leiðbeinandi varðandi nákvæmt val vegslóð. Ein fornleif fannst við Hverfisfljót og mun vegslóðin sneiða fram hjá henni. Bein neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verða á náttúruvernd þar sem Skaftáreldahraun er á Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og eldhraun heyrja einnig undir 37 gr. laga um náttúruvernd. Svæðið er þó ekki á náttúruminjasrá. Áhrif á landslag og sjónræna þætti verða bein neikvæð þar sem mannvirki verða reist á stað það sem engin mannvirki eru fyrir. Mikilvægt er að lögð verði áhersla á það við mannvirkjagerð að halda raski í lágmarki og mannvirki verði hönnuð með tilliti til umhverfisins.

Skipulagsbreytingin hefur tímabundin jákvæð áhrif á atvinnulíf þar sem störf skapast á framkvæmdatíma. Sveitarfélagið telur að gerð slóðar meðfram Hverfisfljóti hafi jákvæði áhrif á útivist og tómstundir og opni möguleika til ferðamennsku þar sem aðgengi um þetta svæði er erfitt í dag.

Skaftárhreppur telur að þó uppbygging iðnaðarsvæðis með tilheyrandi slóðagerð í Skaftáreldahrauni valdi neikvæðum áhrifum á þær jarðfræðiminjar sem hraunið er verði einnig að horfa til þess að framkvæmdin hefur jákvæð samfélagsáhrif í för með sér. Mannvirki verða ekki umfangsmikil og með því að vanda vel til verks telur sveitarfélagið að hægt verði að halda umhverfisáhrifum í lágmarki.

Skaftárhreppur telur einnig að líta verði á umhverfisáhrif lagningar slóðar í hraunið í stærra samhengi. Um er að ræða rask í hrauni sem þekur um 580 km² lands og slóðin því aðeins brotabrot af því landflæmi. Slóðin yrði lögð meðfram ánni og yrði þannig síður áberandi í umhverfinu.

1 INNGANGUR

Vegna áforma um uppbyggingu 2,5 MW rennslisvirkjunar í Hverfisfljóti, við Hnútu, leggur Skaftárhreppur til breytingar á staðfestu Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014.

Samhliða umhverfismati skipulagsbreytingarinnar var unnið að fyrirspurn um matsskyldu fyrirhugaðrar virkjunar í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Sú fyrirspurnarskýrsla var unnin að beiðni Ragnars Jónssonar í Dalshöfða. Skaftárhreppur hefur tjáð sig um framkvæmd virkjunarinnar, en á fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps þann 11. september 2006 var tekið fyrir erindi um yfirlýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi. Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerði ekki athugasemd við að farið yrði í breytingar á aðalskipulagi.

Hér á eftir er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum þeirra skipulagsbreytinga í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Umhverfismatið er unnið af VGK-Hönnun í samvinnu við skipulagsfulltrúa og sveitarstjórn Skaftárhrepps.

1.1 KYNNING OG SAMRÁÐ

Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting var kynnt eftirfarandi umsagnar- og hagsmunaaðilum og voru skipulagsgögn send þeim til umsagnar ásamt umhverfisskýrslu þessari:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Fornleifavernd ríkisins
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Orkustofnun
- Landgræðsla ríkisins
- Landsnet/RARIK

Fyrirhuguð skipulagsbreyting var kynnt á almennum borgarafundi á Kirkjubæjarklaustri.

Þegar skipulagsbreytingin verður auglýst gefst 6 vikna frestur til athugasemda.

2 STAÐA SKIPULAGS OG STAÐHÆTTIR

2.1 NÚVERANDI LANDNOTKUN OG FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR

Núverandi landnotkun á fyrirhuguðu skipulagssvæði er annars vegar skilgreind sem „landbúnaðarsvæði neðan 200 m y.s.“ og hins vegar sem „óbyggð svæði ofan 200 m y.s.“. Fjárgata liggur meðfram Hverfisfljóti við og nálægt fyrirhugaðri vegslóð.

Landbúnaðarsvæði neðan 200 m y.s. Í Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 er eftirfarandi lýsing á þessum landnotkunarflokki:

„Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land lögbýla sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum er einkum gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni. Nýjar búgreinar svo sem skógrækt teljast til landbúnaðar í skilningi þessa skipulags. Skógræktarsvæði eru því ekki skilgreind sérstaklega á skipulagsupprætti. Á landbúnaðarsvæðum er einnig heimilt að starfrækja þjónustu við ferðamenn, eins og verið hefur“.

Í fyrirhuguðum breytingum er gert ráð fyrir gerð vegslóða meðfram Hverfisfljóti.

Óbyggð svæði ofan 200 m y.s. Í Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 er eftirfarandi lýsing á þessum landnotkunarflokk:

„Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði“.

Í fyrirhuguðum breytingum er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði við Hverfisfljót sem felur í sér mannvirki rennslisvirkjunar.

2.2 STAÐHÆTTIR Á SKIPULAGSSVÆÐI

Jarðfræði

Fyrirhuguðu framkvæmdasvæði má skipta í tvo hluta, annars vegar nyrðra svæðið á móts við Lambhagafossa, brekkunar syðst í Hnútu. Hins vegar syðra svæðið, Skaftáreldahraunið, meðfram Hverfisfljóti og frá Lambhagafossum niður á móts við bæina Dalshöfða og Seljaland. Berggrunnur á nyrðra svæðinu er móberg, en ofan á því er nútímahraun, svokallað Brunnárhraun. Það hefur komið úr NA frá gígum við Vatnajökul, ýtt Hverfisfljóti upp að Hnútu og niður bratta hlíð milli Hnútu og Dalfjalls. Misgengi og sprungur hafa áberandi NA-SV stefnu. Þá stefnu hefur t.d. gljúfrið sem Lambhagafossar eru í, fossaþyrping sem er tignarleg þegar mikið er í fljótinu.

Vatnafar

Hverfisfljót er jökulsá sem fellur úr Síðujökli og er aðalvatnsfall á svæðinu. Samkvæmt rennslismælingum Orkustofnunar er vatnasvið fljótsins talið vera um 314 km². Rennslismælingar hafa farið fram í 25 ár eða frá maí 1981¹. Samkvæmt

¹ Orkustofnun: Vatnamælingar, 2005.

Þessum mælingum er ljóst að árstíðarbundnar sveiflur í rennsli árinna eru umtalsverðar. Rennsli hefur t.a.m. farið niður í 4 m³/s að vetri til og upp í 400 m³/s í flóðtoppi seinni part sumars. Algengt meðalrennsli í ánni seinni part sumars er þó um 150-200 m³.

Gróður og dýralíf

Samkvæmt úttekt sem gerð var í tengslum við greinargerð sem unnin var með fyrirspurn um matsskyldu virkjunar í Hverfisfljóti er gróður dæmigerður fyrir heiðar suðaustanlands, grávíðir, gamburmosi, snjómosi, geldingahnappur, fíflar, krækilyng, sortulyng, holtasóley, lambagras o.fl. blóm svo og ýmsar starar- og grastegundir. Næst Hverfisfljóti má víða sjá hvernig áfok jökulaurs getur eytt gróðri næst fljótinu og er það meira áberandi eftir því sem sunnar dregur.

Fuglalíf og annað dýralíf lítur einnig út fyrir að vera eins og almennt gerist á þessum slóðum t.d. sólskríkjur, mófuglar og álftrir. Gæsir eru mikið á ferðinni með Hverfisfljóti um fartímamann haust og vor.

Tófugreni eru þekkt á svæðinu og eins er sauðfé beitt á svæðinu yfir hásumartímamann.

Hverfisfljót er ekki fiskgengt.

Svæðið er og hefur verið beitarland fyrir sauðfé frá alda öðli og hefur verið metið sjálfbært sem slíkt. Allt tal um verndun á gróðri og einstökum plöntum hlýtur því að orka tvímælis.

Fornleifar

Í tengslum við greinargerð sem unnin var með fyrirspurn um matsskyldu virkjunar í Hverfisfljóti var farin vettvangskonunn til að athuga hvort sýnilegar fornleifar væru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Ein fornleif fannst á svæðinu en þær hafa lágt minja- og varðveislugildi (sé mat á aldri minjanna rétt). Ekki er talin ástæða til sérstakra mótvægisáðgerða annarra en að varast að raska minjunum.

Náttúruvernd

Eldhraun falla undir sérstaka vernd í 37. gr. laga um Náttúruvernd og ber að forðast að raska þeim.

Í náttúruverndaráætlun 2004-2008 er lagt til að Skaftáreldahraun allt ásamt jaðarsvæðum verði friðað og gert að náttúruvætti.

Með fyrirhugaðri skipulagsbreytingu er lagt til að aðkomuvegur verði lagður á eystri jaðar Skaftáreldahrauns og muni því raska hrauninu varanlega á þeim kafla.

2.3 TENGL OG SAMRÆMI VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ

Aðalskipulag Skaftárhrepps

Í núgildandi Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 er sá hluti fyrirhugaðrar aðkomuslóðar sem nær frá Dalshöfða upp að 200 m h.y.s. skilgreindur sem landbúnaðarsvæði. Aðrir hlutar slóðarinnar, ásamt stöðvarhúsi og öðrum mannvirkjum sem reisa þarf í tengslum við fyrirhugaða virkjun, falla undir skilgreininguna óbyggð svæði.

Tafla 1 Samræmi við markmið aðalskipulags.

Nokkur markmiða aðalskipulags sem höfð voru að leiðarljósi í skipulagsvinnu	Samræmi skipulagsbreytingar	Athugasemdir
Að draga fram sérkenni og vaxtarmöguleika einstakra staða og svæða.	+	Sú stefnumörkun að staðsetja iðnaðarsvæði á þessum stað styður þetta markmið að vissu leyti.
Að efla atvinnulíf og menningu.	+	Uppbygging virkjunar styður þetta markmið að einhverju leyti á framkvæmdatíma.
Að stuðla að sjálfbærri þróun í umhverfis- og atvinnumálum.	+	Rennslisvirkjun stuðlar að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlindar. Skaftárhreppur yrði sjálfbær með orku kæmi til náttúruhamfara.
	-	Lagning vegslóðar og rask á framkvæmdasvæðinu hefur varanleg neikvæð áhrif á Skaftáreldahraun.

Deiliskipulag

Þegar undirbúningsvinna verkefnisins verður lengra komin verður unnið deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.

Lög um náttúruvernd

Eldhraun falla undir sérstaka vernd í 37. gr. laga um Náttúruvernd og ber að forðast að raska þeim. Vegslóð að virkjun verður lögð í Skaftáreldahrauni.

Náttúruverndaráætlun 2004-2008

Í náttúruverndaráætlun 2004-2008 er lagt til að Skaftáreldahraun allt ásamt jaðarsvæðum verði friðað og gert að náttúruvætti. Vegslóð að virkjun verður lögð í Skaftáreldahrauni.

Náttúruminjaskrá

Fyrirhuguð skipulagsbreyting snertir ekki svæði á náttúruminjaskrá.

Átak ríkisstjórnarinnar í landgræðslu og skógrækt 1997-2000

Á árunum 1997-2000 var unnið að uppgræðslu á afmörkuðu svæði í Eldhrauni. Unnin var skýrsla um þær aðgerðir sem Landgræðsla ríkisins framkvæmdi á svæðinu og umhverfisáhrif þeirra breytinga metin. Fyrirhuguð lagning slóðar frá Dalshöfða fer að hluta um landgræðslusvæðið.

3 UMHVERFISMAT

Matið er unnið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem og leiðbeiningar sama efnis sem eru aðgengilegar á heimasíðu Skipulagsstofnunar.

Ekki var farið í sérstakar rannsóknir vegna umhverfismats aðalskipulagsins en stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis og safnað hefur verið í tengslum við fyrirspurn um matsskyldu virkjunarinnar.

Í aðalskipulagi er verið að marka stefnu um landnotkun. Við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar er tekið mið af hlutverki og nákvæmni áætlunarinnar. Hér á eftir er greint frá þeim áhrifa- og umhverfisþáttum sem lagðir voru til grundvallar umhverfismati auk umfangi matsins. Einnig er greint frá viðmiðum hvers markmið verða notuð sem mælikvarði á áhrif stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar á viðkomandi umhverfisþætti. Fjallað er um þá kosti sem voru til skoðunar og umhverfisáhrif þeirra metin.

3.1 ÁHRIFA- OG UMHVERFISÞÆTTIR

Áhrifaþættir

Eftirfarandi áhrifaþættir eru taldir geta valdið umhverfisáhrifum í kjölfar framkvæmdar skipulagsbreytingar:

- Lagning vegslóðar frá Dalshöfða að virkjunarsvæði.
- Mannvirki fyrirhugaðrar virkjunar.
- Starfsemi virkjunar.

Umhverfisþættir

Við greiningu á þeim umhverfisþáttum sem stefnumið skipulagsbreytingarinnar gæti hugsanlega haft áhrif á var tekið mið af fyrirliggjandi leiðbeiningum um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Að auki er stuðst við þá vinsun umhverfisþátta sem fram hefur farið í tengslum við matsskyldugreinargerð. Eftirfarandi umhverfisþætti er fjallað nánar um hér á eftir:

- Náttúrufar (jarðfræði, vatnafar, gróður).
- Fornleifar
- Landslag og sjónræn áhrif
- Náttúruvernd
- Samfélag (eignarhald á landi, atvinnulíf, útivist og tómstundir)

3.2 UMHVERFISVIÐMIÐ, EINKENNI OG VÆGI ÁHRIFA

Í töflu 2 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati aðalskipulagsbreytingarinnar. Listinn er ekki tæmandi. Umhverfisviðmið er mælikvarði eða vísir sem notað er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagsbreytingin hefur í för með sér.

Tafla 2 Umhverfisviðmið sem höfð voru til hliðsjónar við umhverfismat áætlunarinnar.

Stefna	Umhverfisviðmið
Lög	Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, m s.br. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999, m s.br. Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, m s.br. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m s.br. Þjóðminjalög nr. 107/2001 Lög um landgræðslu nr. 17/1965, m s.br.
Reglugerðir	Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999 Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, m s.br.
Skipulagsáætlun	Aðalskipulag Skaftárhrepps 2002-2014
Önnur stefnuskjöl stjórnvalda	Náttúruminjaskrá Náttúruverndaráætlun 2004-2008 Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020 Megin stefnumið iðnaðar- og viðskiptaráðherra árin 2004-2007

Einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er lýst í samræmi við nákvæmni skipulagsbreytingarinnar. Notast er við þau hugtök er varðar einkenni umhverfisáhrifa sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið er notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu 3 hér að neðan. Þegar framkvæmt er mat á vægi áhrifa ber þó að hafa í huga nákvæmni áætlunarinnar.

Tafla 3 Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat skipulagsbreytinganna.

Vægi áhrifa	Skýring	
Jákvæð	+	Stefna skipulagsins hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
Óveruleg	0	Stefna skipulagsins hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
Neikvæð	-	Stefna skipulagsins hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
Háð útfærslu	Ú	Áhrif stefnu skipulags á viðkomandi umhverfisþátt er háð því hvernig stefnan verður útfærð nánar í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum.

3.3 UMFJÖLLUN UM KOSTI

Slóðagerð

Í tengslum við virkjun í Hverfisfljóti voru tveir kostir skoðaðir varðandi lagningu vegslóðar að virkjun. Annars vegar er um að ræða að nýta núverandi vegslóð í vestanverðum dalnum en þvera svo Skaftáreldahraun nokkuð norðan við fyrirhugað iðnaðarsvæði. Hinn kosturinn felur í sér lagningu nýrrar slóðar frá Dalshöfða, meðfram Hverfisfljóti og að fyrirhuguðu iðnaðarsvæði, alls um 7 km leið. Í töflu 4 eru kostirnir bornir saman með tilliti til mögulegra umhverfisáhrifa.

Tafla 4 samanburður á áhrifum lagningar slóða að virkjun.

Umhverfisþættir	Vegslóð meðfram Hverfisfljóti	Nýting núverandi vegslóðar og þverun Skaftáreldahrauns
Jarðfræði	-	-
Gróðurfar	0?	0?
Vatnafar	0	0
Fornleifar	0	0?
Landslag og sjónræn áhrif	-/Ú	-/Ú
Náttúruvernd	-	-
Útivist og tómstundir	+/Ú	+/Ú
Eignarhald á landi	+	-

Báðir kostir hafa neikvæð áhrif á Skaftáreldahraun þar sem í báðum tilvikum þarf að leggja nýja slóð í hrauninu. Vegslóð meðfram Hverfisfljóti yrði þó lengri. Búist er við því að vegslóðir hafi óveruleg áhrif á gróðurfar. Í tengslum við matsskyldu virkjunar þarf að skoða gróðurfar á leið slóðar. Ekki er talið að vegslóðirnar hafi áhrif á vatnafar og eins er ólíklegt að fornleifar muni skerðast. Fornleifaathugun var gerð í tengslum við slóð meðfram Hverfisfljóti og komu í ljós einar minjar sem sneiða þarf framhjá. Ekki er vitað með hina slóðina. Báðar leiðir hafa neikvæð áhrif á landslag og sjónræna þætti þar sem verið er að leggja slóð í ósnortnu landi. Það er þó háð nánari útfærslu hversu mikil áhrifin verða en með góðum frágangi er hægt að lágmarka áhrifin. Báðir kostir hafa neikvæð áhrif á Skaftáreldahraun sem er á náttúruverndaráætlun og fellur einnig undir 37 gr. laga um náttúruvernd. Fyrirhugaðar slóðir gætu nýst fyrir þá sem vilja betra aðgengi að Hverfisfljóti og svæðin þar í kring. Slóðin í vestanverðum dalnum er í dag nýtt sem leið í Lakagíga. Slóð meðfram Hverfisfljóti gæti opnað nýja möguleika til útivistar og ferðamennsku. Land meðfram Hverfisfljóti er í eigu Dalshöfða. Slóð í vestanverðum dalnum er í eigu Þverár. Núverandi ábúendur á Þverá munu ekki heimila slóð í þeirra landi.

Miðað við ofangreint er ekki stór munur á umhverfisáhrifum mismunandi kosta. Báðir kostir skerða Skaftáreldahraun en slóð meðfram Hverfisfljóti sýnu meira vegna lengdar. Þess ber þó að geta að nokkuð stór hluti leiðarinnar er um sandorpið hraun en Landgræðslan vinnur einmitt að uppgræðslu þess svæðis. Nýting núverandi

slóðar hefði í för með sér þverun Skaftáreldahrauns á nýjum stað og jafnframt mikla lagfæringu á gömlu slóðinni með tilheyrandi raski. Slóðin um Þverá er talsvert lengri. Þar sem hugmyndin er að hafa rafstreng í vegkanti myndi slóð um Þverá verða óhagkvæmari.

Slóðin við Hverfisfljót er að hluta til á sandorpnu hrauni og að hluta til á breiðum fjár- og smalagötum sem farnar eru oft á hverju ári. Slóðagerð myndi því festa umferðaleið um þennan hluta hraunsins og hlífa því sem þar er fyrir utan sem er jákvætt.

Með tilliti til framangreindrar umræðu telur Skaftárhreppur mikilvægt að lagning slóðar að iðnaðarsvæðinu muni ekki hafa áhrif á landareignir aðila sem ekki tengjast málinu á beinan hátt sé hægt að forða því. Skaftárhreppur telur einnig að líta verði á umhverfisáhrif lagningar í slóðar í hraunið í stærra samhengi. Um er að ræða rask í hrauni sem þekur um 580 km² lands og slóðin því aðeins brotabrot af því landflæmi. Slóðin yrði lögð meðfram ánni og yrði þannig síður áberandi í umhverfinu.

Virkjun

Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun hefur virkjun í Hverfisfljóti verið á skrá hjá Orkustofnun frá því að farið var að gera yfirlit um vatnsorku Íslands. Vettvangsferðir hafa verið farnar og settar fram ýmsar hugmyndir. Um þetta er fjallað í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þessar virkjanahugmyndir hafa þó allar verið í stærri skala en sú sem hér um ræðir og falið í sér uppistöðulón lengra uppi á hálendinu.

Sú breyting á aðalskipulagi sem hér er til umfjöllun varðar staðsetningu virkjunar á svæði sem talið er henta best í Hverfisfljóti hvað virkjunarmöguleika rennslisvirkjunar varðar. Því telur sveitarfélagið ekki raunhæft að bera saman aðra mögulega virkjunarkosti. Samanburðurinn tekur því einungis á virkjun og núllkosti eða því að aðhafast ekkert.

Tafla 5 samanburður á umhverfisáhrifum virkjunar og núll kosts.

Umhverfisþættir	Virkjun í Hverfisfljóti	Núll kostur
Jarðfræði	-	0
Gróðurfar	-	0
Vatnafar	0	0
Fornleifar	0	0
Landslag og sjónræn áhrif	-	0
Náttúruvernd	-	0
Atvinnulíf	+	-
Útivist og tómstundir	+	-

Samanburður þess að virkja og aðhafast ekkert á svæðinu felst í því að virkjun hefur í för með sér rask á áður óröskuðu svæði þar á meðal á hrauni sem fellur undir verndarákvæði náttúruverndarlaga. Í samanburði við núllkost eru því áhrif á

náttúruafar virkjunar neikvæð á heildina litið en áhrif á samfélagslega þætti jákvæð. Nánar er fjallað um umhverfisáhrif í kaflanum hér á eftir.

Skaftárhreppur hefur fyrir sitt leyti samþykkt að fara í þessar breytingar á aðalskipulagi og telur að hægt verði að haga framkvæmdum þannig að áhrif á náttúruafar verði í lágmarki.

3.4 UMHVÆRFISÁHRIF OG MÓTVÆGISAÐGERÐIR

Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir helstu áhrif fyrirhugaðra skipulagsbreytinga og mögulegar mótvægisáðgerðir.

Umhverfisþættir	Umhverfisáhrif	Mótvægisáðgerðir
Jarðfræði	- Bein neikvæð áhrif á Skaftáreldahraun	Engar eiginlegar mótvægisáðgerðir en áhersla lögð á að halda raski í lágmarki
Gróðurfar	- Bein neikvæð áhrif þar sem gróður fer undir mannvirki og slóð. Ekki vitað til þess að þar séu sjaldgæfar plöntur. Huga að í tengslum við deiliskipulag.	Engar eiginlegar mótvægisáðgerðir en áhersla lögð á að halda raski í lágmarki
Vatnafar	0 Óveruleg áhrif á vatnafar.	Ekki þörf á mótvægisáðgerðum
Fornleifar	0 Samkvæmt athugun eru engar fornleifar á skipulagssvæði en ein nálægt vegslóð.	Sneitt verður hjá fornleif við vegslóð.
Landslag sjónræn áhrif og	- Bein neikvæð áhrif þar sem mannvirki verða reist á óröskuðu landi. Frekari grein gerð fyrir þessum þætti í matsskyldu	Með vandaðri hönnun ber að lágmarka sjónræn áhrif og huga að í deiliskipulagi.
Náttúruvernd	- Bein neikvæð áhrif á hraun sem heyrir undir 37. gr. náttúruverndarlaga.	0
Atvinnulíf	+ Bein jákvæð áhrif á framkvæmdatíma. Skapar atvinnu í héraði.	
Útivist tómsundur og	+ Jákvæð áhrif á útivist og tómsundur þar sem slóðin að virkjun opnar aðgengi að svæðinu.	

3.5 MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR

Framkvæmd stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar leiðir af sér framkvæmd sem er háð mati á umhverfisáhrifum í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Áhrif þeirrar framkvæmdar á umhverfið hafa verið metin samkvæmt þeim lögum samhliða umhverfismati þessu. Slíkt mat er á ábyrgð framkvæmdaaðila. Þar er um að ræða 2,5 MW rennslisvirkjun í Hverfisfljóti. Vísað er í matsferli þess verkefnis varðandi ítarlegri upplýsingar um umhverfisáhrif.

3.6 VÖKTUN

Sveitarfélagið telur ekki þörf á eiginlegri vöktunaráætlun í tengslum við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar. Haft verður samráð við Landgræðslu ríkisins og landeiganda varðandi frágang svæðisins og þannig fylgst með framgangi þeirra mála.